

**30. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldin á skrifstofu Langanesbyggðar
Fjarðarvegi 3 Þórshöfn föstudaginn 9.nóvember 2012 kl.12:00**

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson , Björgvín Þóroddsson,
Kristján Úlfarsson, Sóley Indriðadóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem
ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Bréf frá frá Guðmundi Ágústssyni.

Í bréfinu er Guðmundur Ágústsson eigandi Lónshafnar ehf að að óska eftir umsögn umhverfis-og skipulagsnefndar vegna hugmyndar hans um að fá að breyta nýtingu húnæðisins félagsins úr því að vera atvinnuhúsnæði í fjöleignahús með 6-8 íbúðum. Mikil umræða um þessa hugmynd. Nefndin fagnar því að fyrirhugað er að nýta húsnæðið á ný. Nefndarmenn telja að það séu forsendur og þörf á því að gera húsnæðið að fjölnota húsnæði á ný og það sé mikilvægt að kynna það fyrir núverandi eigendum Lónshafnar áður en lengra er haldið.

Gunnólfi falið að hafa samband við Guðmund og koma þessum sjónarmiðum nefndarinnar á framfæri.

2. Deiliskipulag vegna urðunarsvæðis .

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að deiliskipulagi urðunarsvæðisins við Bakkafjörð, dagsetta 9. nóvember 2012 og unna af Teikn – ráðgjöf og hönnun.

Um er að ræða 3.75 ha svæði norðaustan þéttbýlisins á Bakkafirði en með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri urðunar-, námu- og geymslusvæðis. Skipulagstillagan er gerð með fyrirvara um staðfestingu og gildistöku Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Úttektarskýrslur HAUST.

Lagðar fram til kynningar.

4. Skoruvík.

Það var sótt um styrk til þess að byggja útsýnisfall við Skoruvík. Gunnólfur kynnti vinnu þeirra aðila sem hafa unnið að þessu verkefni.

Fundargerð upplesin

Fundi slitið 13:05